



U S T

Umhverfisstofnun

Akureyrarbær  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

24. janúar 2005  
Tilvisun: UST20050100121/sf

### Deiliskipulag óshólma Eyjafjarðarár

Akureyrarbær og Eyjafjarðarsveit hafa í sameiningu auglýst tillögu að deiliskipulagi óshólmasvæðis Eyjafjarðarár. Í auglýsingunni kemur fram að skipulagssvæðið er um 9 km<sup>2</sup> að stærð og afmarkast að norðan af Leiruvegi, að austan af Eyjafjarðarbraut eystri, að sunnan af landamerkjalinu Þórustaða og Grafar í suðurodda Staðareyjar og framlengingu hennar vestur að vegi og að vestan af Eyjafjarðarbraut vestri og umráðasvæði Akureyrarflugvallar. Í tillögunni er m.a. kveðið á um 3 mismunandi stig verndunar á svæðinu, nýtingu þess og nýttjar, legu göngu- og reiðleiða og staði fyrir þjónustusvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar eru á náttúruminjaskrá (svæði nr. 510, *Hólmarnir*). Þá skal leita umsagnar stofnunarinnar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. fyrrgreindra laga, þ.á.m. mýra og flóa, 3 ha að stærð eða stærri og sjávarfítja og leira.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

#### Efnistaka

Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir efnistöku á leirunum og er stór hluti leiranna á milli Eyjafjarðarbrautar eystri og flugvallarins afmarkaður sem efnistökusvæði á skipulagsuppdrætti. Í greinargerð með deiliskipulaginu segir m.a. um fyrirhugaða efnistöku: „*Heimilað er sandnám í leirunum, nyrst á svæðinu. Heildarefnistaka af svæðinu skal ekki vera meiri en 20.000 m<sup>3</sup> á ári. Ekki er leyfilegt að taka sand nær grónu landi en 100 m.*” Umhverfisstofnun bendir á að leirur fyrir botni Eyjafjarðar eru mikilvægt fæðusvæði fyrir viðkomufugla á vorin, en ekki síður mikilvægar fyrir varpfugla og unga þeirra þegar líður á sumarið. Svæðið er á náttúruminjaskrá og er einnig á skrá Alþjóðafuglaverndarráðsins (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas). Meðal tegunda sem nýta svæðið eru nokkrar tegundir sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í greinargerð deiliskipulagsins er þó ekki fjallað um hugsanleg áhrif efnistökkunnar á

lífríki. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að fyrir liggi hver séu hugsanleg áhrif efnistöku á leirunum á fuglalíf og hvort efnistakan geti raskað mikilvægum fæðusvæðum fugla. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er ljóst hver eru langtímaáhrif efnistöku á leirunum sbr. ábendingar í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um framburð Eyjafjarðarár og efnistöku á Leirunum frá desember 2002, unnin fyrir Akureyrarbæ og Eyjafjarðarsveit, en þar segir m.a.:

*„Um langtímaáhrif efnistöku á neðsta hluta Eyjafjarðarár er ekki auðvelt að spá miðað við þá þekkingu sem til er um svæðið í dag. Til þess þarf að kanna og kortleggja mun stærra svæði og átta sig mun betur á eðli og einkennum árinna langt upp eftir farveginum. Í ljósi þess að Eyjafjarðará verður æ mikilvægara efnistökusvæði, má vel vera að það sé rétt að leggja fljótlega í viðtækar rannsóknir á umhverfi árinna, eða nokkurs konar umhverfismat sem taki bæði á jarðfræði og líffræði árinna. ....Eins og staðan er í dag þá er aðeins lauslegt yfirlit um þessi mál, efnistakan er langt frá því að vera skipuleg og lítið vitað hvaða áhrif hún getur haft á ána.“* Umhverfisstofnun telur því ekki rétt að afmarka leirurnar sem efnistökusvæði að svo komnu máli.

Í greinargerð segir m.a.:

*„Efnistaka á svæði sem er 50.000 m<sup>2</sup> að stærð eða meira er háð mati á umhverfisáhrifum. Hið sama á við, ef magnið, sem tekið er, er meira en 150.000 m<sup>3</sup>. Ef áætluð efnistaka er áætluð 20-35 þúsund m<sup>3</sup> skal leita úrskurðar Skipulagsstofnunar um hvort á mat á umhverfisáhrifum skuli fara fram.“*

Umhverfisstofnun bendir á að tilkynningarskyld efnistaka samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er efnistaka sem raskar **25.000 m<sup>2</sup> svæði** eða stærra eða er **50.000 m<sup>3</sup>** eða meiri. Jafnframt efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður **ná til samans yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra** tilkynningarskyld. Þá er efnistaka **á verndarsvæðum**.

Verndarsvæði eru m.a. jarðmyndanir og vistkerfi sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.á.m. sjávarfítjar og leirur. Efnistaka á Leirunum er því tilkynningarskyld óháð efnismagni. Framangreind umfjöllun í greinargerð deiliskipulagsins er því ekki að öllu leyti rétt.

### Aðkoma

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir bættu aðgengi að svæðinu með lagningu nýrra göngu- og reiðstíga. Þá er gert ráð fyrir að núverandi aðkomuleið að svæðinu að vestan verði færð nokkuð til suðurs og verði alfarið inni á skipulagssvæðinu. Fram kemur í greinargerð að tilfærslan komi til vegna nálægðar aðkomuleiðar við flugvöllinn og hugsanlegrar lengingar á honum. Við enda aðkomuleiðar er gert ráð fyrir bilastæðum, þjónustuhúsi og fuglaskoðunaraðstöðu.

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að gert sé ráð fyrir bættu aðgengi og stýringu á umferð og jafnframt aðstöðu til fuglaskoðunar. Stofnunin telur hins vegar að endurskoða verði áform um nýja aðkomuleið að svæðinu. Fyrirhugaður aðkomuvegur mun samkvæmt deiliskipulaginu liggja þvert yfir Kjarna- og Hvammsflæður en flæðurnar eru annað tveggja svæða sem eru einkar mikilvægir áningarstaðir fyrir fugla snemma á vorin. Einnig eru flæðurnar mikilvægur fæðuöflunarstaður fyrir varpfugla á sumrin. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að bætt aðstaða fyrir almenning til að njóta svæðisins verði útfærð þannig að truflun á fuglalífi verði í algjöru lágmarki. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um fuglalíf í óshólmum Eyjafjarðarár frá maí 2001 er bent á að frá því í byrjun maí og fram í júní eru flæðarnar einn besti fuglaskoðunarsstaðurinn í nágrenni Akureyrar. Jafnframt er bent á að hentugur staður fyrir skýli til fuglaskoðunar og áningar er t.d. í Kjarnaskógi fyrir vestan Kjarnaflæðar. Því

væri eðlilegra að mati Umhverfisstofnunar að koma upp áningaraðstöðu í Kjarnaskógi eða sem næst þjóðveginum austan við hann. Þaðan mætti leggja göngustíg með pöllum yfir að bakka Eyjafjarðarár til að tryggja flæði undir stíginn. Fuglaskoðunarskýlið ætti að staðsetja þannig að það tryggi gott útsýni yfir flæðurnar en jafnframt þannig að umferð trufla hvorki fuglalíf né þá sem fylgjast vilja með fuglalífinu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Kjarna- og Hvammsflæður falla undir þetta ákvæði laganna. Stofnunin bendir jafnframt á að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjasrá tilkynningarskyldar framkvæmdir.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir bílastæði og fuglaskoðunarskýli norðarlega við Eyjafjarðarbraut eystri. Umhverfisstofnun bendir á að sú aðstaða er innan svæðis sem skilgreind er sem efnistökusvæði samkvæmt tillögu að deiliskipulagi.

### Umferð

Í greinargerð segir m.a.:

*„Um umferð vélsleða á svæðið gilda reglur hvors sveitarfélags, þannig að innan lögsagnarumdæmis Akureyrar gildir lögreglusamþykkt fyrir Akureyri og innan lögsagnarumdæmis Eyjafjarðarsveitar gilda reglur sem sveitarstjórn setur.“*

Umhverfisstofnun hvetur til þess að settar verði samræmdar reglur um umferð vélsleða á svæðinu. Mikilvægt er að slík umferð valdi ekki spjöllum á svæðinu.

### Gróðursetning

Í greinargerð segir m.a. að plöntun trjáa og runna sé óheimil nema samkvæmt nánari skilmálum settum af umsjónarnefnd svæðisins.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ekki verði um að ræða frekari plöntun erlendra trjátegunda á svæðinu enda mun plöntun þeirra breyta ásýnd og gróðurfari svæðisins. Stofnunin hvetur til þess að settir verði skilmálar um að plöntun erlendra trjátegunda sé óheimil.


### Hlunnindanýting

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að umsjónarnefnd svæðisins geti heimilað eggja- og dúntekju samkvæmt nánari skilmálum sem settir verði í samráði við viðkomandi landeigendur. Umhverfisstofnun bendir á að hlunnindanýting skal vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum ásamt síðari breytingum.

Virðingarfyllt,

  
Sigrós Friðriksdóttir  
fagsviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs